

Mál nr. 365/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : V1 og V2

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Sönnun atviks.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. nóvember 2022, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V2, dags. 21. nóvember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Tölvupóstur V1, dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð í Auðbrekku til móts við hús nr. 23 þann 1. október 2022. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu á vettvangi, heldur var fyrirtækinu Aðstoð & Öryggi (A&Ö) falið að taka skýrslu af ökumönnum tveimur dögum síðar. Í ökutækjaskýrslu A&Ö er haft eftir ökumanni A að hún hafi verið að aka fram hjá bifreiðinni B þegar þeirri bifreið var ekið aftur á bak með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ökumaður B kveðst hafa stöðvað bifreið sína á götunni þar sem hann var að keyra út vörur. Hann hafi verið búinn að vera stopp í smá stund þegar ökumaður A sem ók mjög hratt, hafi ekið aftan á bifreiðina sína. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komast að þeirri niðurstöðu að sök eigi skiptast til helminga þar sem ósannað sé um stöðu ökutækja í aðdraganda áreksturs. M, sem var ökumaður bifreiðarinnar A, er ósátt við niðurstöðu tjónanefndar og telur að árekstur geti ekki hafa orðið með þeim hætti sem ökumaður B heldur fram.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi telur ljóst af gögnum málsins og þá sérstaklega myndum af vettvangi og af bifreiðunum í kjölfar áreksturs, að áreksturinn geti ekki hafa orðið með þeim hætti sem ökumaður B heldur fram. Skemmdir á bifreiðinni A séu á afturhorni sem fer ekki heim og saman við að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á B. V1 telur að árekstur hafi orðið með þeim hætti sem ökumaður A heldur fram og að gögn málsins sýni fram á það.

V2 telur að sök eigi að skipta til helminga milli ökumanna þar sem atvik í aðdraganda áreksturs séu ósönnuð.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að töluverður ágreiningur er með aðilum hvað varðar atvik í aðdraganda áreksturs en enginn framburður vitna liggja fyrir um atvikið. Þannig heldur ökumaður A fram að bifreiðinni B hafi verið ekið aftur á bak á bifreið sína, og ökumaður B heldur því fram að bifreið sín hafi verið kyrrstæð þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreiðina. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, verður að telja að ekki sé unnt að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins og verða atvik málsins því að teljast ósönnuð. Ekki er fallist á að orðalag ökumanns B um að ekið hafi verið aftan á bifreið hans sé beinlínis röng þó sú lýsing sé ónákvæm enda er tjón sannarlega á afturhluta bifreiðarinnar B. Með vísan til ofangreinds verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, skipt til helminga enda ekki unnt að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir